

Nd.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fé þetta skal endurlána Lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og það er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á yfirstandandi ári gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til þess að slakað yrði þannig á fjárfestingareftirlitinu, að þeir, sem vildu, gætu lagt í byggingu smáíbúða. Enn fremur var á síðasta Alþingi ráðstafað 4 millj. af greiðsluafgangi 1951, til þess að lána með 2. veðrétti út á smáíbúðir og var sett um þau útlán sérstök lög-gjöf. Þessar ráðstafanir hafa orðið til þess, að fjölda margir víðs vegar um land hafa ráðizt í að koma sér upp smáíbúðum. Þær 4 millj. kr., sem til umráða voru til að lána út á þessar íbúðir, hrukku hins vegar aðeins skammt til þess að fullnægja lánþörfinni út á annan veðrétt í þessum íbúðum.

Eins og nú standa sakir um fjármagn innanlands til fjárfestingarlána sýnist það líklegast, til þess að menn geti komið sér upp húsnæði á næstunni, að menn hafi sjálfir sem mest með höndum byggingarframkvæmdir sínar og geti unnið að þeim með venzlaliði sínu.

Með þessu móti komast íbúðir upp með miklu minna lánsfé, en unnt er á annan hátt.

Augljóst er, að valda mundi stórfelldum vandkvæðum, ef ekki væri hægt að halda áfram lánveitingum út á annan veðrétt í slíkum íbúðum. Telur ríkisstjórnin því höfuð nauðsyn, að lánveitingar þessar þurfi ekki að falla niður eins og nú standa sakir. Ríkisstjórnin flytur því þetta frumvarp um heimild til þess að taka að láni 16 milljónir króna og endurlána féð til þessarar byggingarstarfsemi.

Um horfur á því að útvega slíkt lán er ekki hægt að segja með neinni vissu nú, þegar þetta frumvarp er lagt fram, og mun verða athugað nánar um þá hlið málsins meðan frumvarpið er til meðferðar á Alþingi. Kynni svo að fara að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir, til þess að lánsfé fáiist í þessu skyni og setja þyrfti í lög ákvæði, er stuðlað gætu að því, mun ríkisstjórnin flytja tillögur á síðara stigi málsins í þá átt.